

LANDSMÓT ÍSLENSKRA KVENNAKÓRA

———— AKUREYRI 9. - 11. MAÍ 2014 ————



CORDON BLEU

með skinku og osti



Cordon bleu með skinku og osti er
dýrindis uppistaða fljótlegar máltíðar.

Foreldað með heilnæmari hætti
sem skilar ferskara og betra bragði.



-alltaf góður

Efnisyfirlit

Dagskrá landsmóts kvennakóra 2014	3
Ávörp	5-17
Tengiliðir	18
Kynning á kórum	19-31
Stjórnendur vinnuhópa	32-33
Hljóðfæraleikarar og stjórnandi ..	35
Landsmótsljóðið	35
Hugi Guðmundsson, tónskáld ..	35
Matseðill	37
Hátíðarkvöldverður 10. maí	37
Kort af Akureyri	38-39
Menningarhúsið Hof, kort	40

Útgefandi: Kvennakór Akureyrar

Ritnefnd: Anna Sigríður Davíðsdóttir

Anna Dóra Gunnarsdóttir

Dóra Jónasdóttir

Lilja Jóhannsdóttir

Margrét Einarsdóttir

Margrét Ragúels

Sigrún Lárusdóttir

Prentun: Ásprent, Akureyri

Forsíðumynd: Aðalbjörg Sigmarsdóttir



Landsmótsnefnd

Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir
sími 897 1693

Hólmfríður Þorsteinsdóttir
sími 866 5175

Snæfríð Egilson
sími 899 6297

Kæru söngsystur

Undirbúningurinn fyrir þetta landsmót hófst má segja strax eftir að Kvennakór Akureyrar var falið að halda mótið 2014. Um leið og kórinn kom heim frá Selfossi var hugað að húsnaði fyrir söngsmíðjur og tónleika. Gengið frá leigu á Menningarhúsinu Hofi og Íþróttahöllinni. Eftir það var reynt að taka eitt skref í einu en alltaf með næsta verkefni í huga.

Vetrarstarf Kvennakórs Akureyrar hefur einkennst af því að efla andann innan kórsins með leikjum, hópefli, söngæfingabúðum og hláturjoga svo eitthvað sé nefnt.

Samkennd innan kórsins hefur aukist og er aðáunarvert að sjá og finna kraftinn í öllum þessum konum við undirbúning landsmótsins.

Metnaður og mikil vinna hefur verið lögð í að gera þetta landsmót sem best úr garði.

Jórukórskonur á Selfossi útbjuggu möppu með upplýsingum um það ferli sem þær gengu í gegnum þegar þær héldu landsmót kvennakóra árið 2011. Við undirbúning svo fjölmenns móts sem þessa reyndust þessar upplýsingar ómetanlegar og eiga þær heildur skilið fyrir. Það er mikilvægt að hver mótshaldari skili af sér góðri skýrslu sem mun nýtast mótshöldurum í komandi framtíð.

Við viljum þakka öllum þeim sem hafa lagt okkur lið við undirbúning þessa landsmóts og ekki síst fjölskyldum okkar sem hafa stutt við bakið á okkur í þessari vinnu sem og allri annarri sem kórinn hefur tekið sér fyrir hendur.

Það er okkur sönn ánægja að taka á móti ykkur öllum á 9. landsmót íslenskra kvennakóra. Við bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin og vonumst til að eiga saman góðar stundir.

Með kveðju, Landsmótsnefnd



Vatnsveita í 100 ár

1914 - 2014



NORÐURLOKA

Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

DAGSKRÁ

LANDSMÓTS KVENNAKÓRA 2014

Föstudagurinn 9. maí

- 15:00 – 16:00 – Móttaka í Menningarhúsinu Hofi - afhending mótsagna
16:00 – 17:30 – Setning landsmóts og sameiginleg æfing í
Menningarhúsinu Hofi, Hamraborg
17:30 – 18:30 – Frjáls tími
18:30 – 19:00 – Fundur Gígjunnar í Íþróttahöll
19:00 – 20:00 – Kvöldverður í Íþróttahöll
20:00 – 23:00 – Óvissuferð

Laugardagurinn 10. maí

- 08:45 – 11:15 – Söngsmiðjur

– Gígjusmiðja í Brekkuskóla
– Madrigalsmiðja í Norðursal 5. hæð, Skipagötu 14
– Norræn kvennakóralög í sal Öldrunarheimilisins Hlíðar
– Rokksmiðja í Hamraborg í Menningarhúsinu Hofi
– Spunasmíðja í Íþróttahöll
– Þjóðlagasmíðja í Hömrum í Menningarhúsinu Hofi

- 11:30 – 12:15 – Fundir kórstjóra og formanna í Brekkuskóla
Fyrirlestur fyrir kórstjóra: Sigríður Eyþórsdóttir flytur erindi „Gleði og nýsköpun í starfi kórstjóra – nokkrar hugmyndir og vangaveltur“.
11:30 – 12:30 – Hádegisverður í Íþróttahöll
12:30 – 13:30 – Frjáls tími
13:30 – 14:30 – Sameiginleg æfing í Hamraborg í Menningarhúsinu Hofi
14:30 – 15:30 – Undirbúningur fyrir tónleika
15:30 – 17:30 – Tónleikar kóranna í Hamraborg og Hömrum í Menningarhúsinu Hofi
17:30 – 19:00 – Frjáls tími
19:00 – 00:00 – Hátíðarkvöldverður og dansleikur í Íþróttahöll

Sunnudagurinn 11. maí

- 09:00 – 11:15 – Söngsmiðjur

– Gígjusmiðja í Brekkuskóla
– Madrigalsmiðja í sal Lions, Skipagötu 14
– Norræn kvennakóralög í sal Öldrunarheimilisins Hlíðar
– Rokksmiðja í Hamraborg í Menningarhúsinu Hofi
– Spunasmíðja í Íþróttahöll
– Þjóðlagasmíðja í Hömrum í Menningarhúsinu Hofi

- 11:15 – 12:15 – Hádegisverður í Íþróttahöll
12:30 – 14:00 – Sameiginleg æfing í Hamraborg í Menningarhúsinu Hofi
14:00 – 15:00 – Undirbúningur fyrir tónleika
15:00 – 16:30 – Hátíðartónleikar í Hamraborg í Menningarhúsinu Hofi
16:30 – 17:30 – Kveðjukaffi og mótsslit í Menningarhúsinu Hofi



Sundbolur ANI-6265
Stærðir: 38-50
Verð: 16.900 kr.



Tankini ANI-6568
Stærðir: 38-48
Verð: 16.900 kr.



Sundbolur ANI-6214
Stærðir: 38-52
Verð: 13.900 kr.



Sundbolur ANI-6243
Stærðir: 38-46
Verð: 15.900 kr.



Sundbolur ANI-6323
Stærðir: 38-54
Verð: 17.900 kr.



Sundbolur ANI-6203
Stærðir: 38-46
Verð: 14.900 kr.



Tankini ANI-6574
Stærðir: 38-44
Verð: 13.900 kr.



Tankini ANI-6586
Stærðir: 40-52
Verð: 17.900 kr.



Eirberg

Sundfatnaður — sumarlínan 2014 frá Anita



Eirberg býður upp á gott úrval af sundfatnaði. Bjóðum sundfatnað með brjóstvasa, fyrir meðgönguna og sundboli í stærri stærðum, allt að stærð 60.



Sundbolur ANI-7328
Stærðir: 38-50
Verð: 16.900 kr.



Sundbolur ANI-7327
Stærðir: 50-56
Verð: 14.900 kr.



Sundbolur ANI-7326
Stærðir: 56-60
Verð: 14.900 kr.



Tankini ANI-9666
Stærðir: 36-44, skálar C-F
Verð: 13.950 kr.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is





Eiríkur Björn Björgvinsson:

Það kostar ekkert að syngja

Það er góð tilfinning að syngja. Stundum raula ég einhvern lagstúf með sjálfum mér og það léttir mér lífið. Stundum syngur maður einn en þó er auðvitað langskemmtilegast að syngja með öðrum. Að syngja saman í hópi, stórum eða smáum, leysir úr læðingi furðulegan kraft og innri gleði sem finnst vart við aðrar aðstæður.

Næstu daga verður mikið sungið á Akureyri. Hundruð söngelskra kvenna hefja upp raust sína í smærri og stærri hópum og dagskráin nær hámarki sínu á hátíðartónleikum í Menningarhúsinu Hofi sunnudaginn 11. maí. Þá munu himneskir tónar fylla Hamraborg, stóra tónleikasalinn og verður án efa unaður á að hlýða.

Fyrir hönd Akureyringa býð ég ykkur allar velkomnar til bæjarins. Ég er þess fullviss að þið eigið eftir að skemmta ykkur vel í höfuðborg hins bjarta norðurs og njóta allra þeirra ótal lystisemda sem bærinn hefur að bjóða.

Svo stórt mót sem þetta krefst mikils undirbúnings og á Kvennakór Akureyrar heiður skilinn fyrir frábæra og óeigin-gjarna vinnu í þágu kóra þessa lands.

Skemmtum okkur saman á landsmóti kvennakóra á Akureyri og munum að það gildir um sönginn, eins og svo margt annað sem gefur lífinu gildi, að hann er ókeypis: það kostar ekkert að syngja. Eða eins og Megas segir í kvæði sínu Tvær stjórnur sem ég veit að verður flutt á þessu landsmóti:

Jú, ég veit vel, að ókeypis er allt það sem er best
en svo þarf ég að greiða dýru verði það sem er verst.

Verið velkomnar til Akureyrar!

Með kærri kveðju,

Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri á Akureyri

Velkomin í
stórglæsilega
ísbúð okkar.
Mikið úrval af ís
ásamt kaffi
og tertum.
Sæti inni fyrir
50 manns.

Ísbúðin
AKUREYRI

Geislagötu 10 - Sími: 4611112 - Opið alla daga 12 - 23
facebook.com/IsbudinAkureyri

Múlaberg

Víð öll tækifæri

Fjölbreyttur matseðill frá morgni til kvölds,
kaffi og klingjandi kokteilar



Opið: sunnudaga til fimmtudaga 11:00-23:00 / eldhús 11:00 - 22:00
föstudaga og laugardaga 11:00 - 01:00 / eldhús 11:00 - 23:00



múlaberg
BISTRO & BAR

Múlaberg Bistro & Bar | Hótel Kea | Akureyri | S: 460 2020



Vigdís Finnbogadóttir:

Kveðja til Landsmóts kvennakóra 2014

Söngdísir Íslands heilsa vorinu á Akureyri.

Fátt hefur tónlistargyðjan gefið okkur hljómbjartara en samæfðar raddir kvenna í kór. Landsmót kvennakóra, þar sem saman koma mörg hundruð syngjandi konur úr öllum landsfjórðungum, er sönnun þess hve víða á Íslandi kvennakórar gleðja andann og það er mikil upplýfting fyrir hvern þann stað

sem kórarnir heimsækja á Landsmótum sínum, að þessu sinni Akureyri.

Enginn sem einhvern tíma hefur verið í kór gleymir þeirri gleði sem því fylgir, samstöðunni, vináttunni, krefjandi stundvísi því þar erum við hvert og eitt ómissandi hlekkur, að ógleymdum kjarna málsins, gefandi tónlist sem lyftir huganum og vermir hjartað. Það er einnig skemmtilegt til þess að vita að á Landsmóti íslenskra kvennakóra 2014 verða sérstakar söngsmiðjur, svo sem vera ber, þar sem söngdísirnar okkar sem hafa tileinkað sér hinar ýmsu sönghefðir koma fram. Þar á meðal má telja Madrigalsmiðju, Gígjusmiðju, Spunasmíðju, Rokksmiðju, Þjóðlagasmíðju og einnig hafa þær með á dagskrá norræn kvennakóralög. Allt lýsir þetta hve margvíslega tónlist kvennakórarinnar okkar fást við, þeim til mikils sóma og okkur til hjartans gleði.

Það verður hljómmikill söngur sem bergmálar milli stranda og fjalla Eyjafjarðar þegar myndarlegur kvennaskarinn hefur upp raust á Landsmóti kvennakóra í mjúkri maibirtunni.

Ég óska Gígjunni, landssambandi íslenskra kvennakóra, gengis og gleði á Landsmótinu á Akureyri 2014.

Vigdís Finnbogadóttir





SIF JAKOBS
JEWELLERY



Halldór Ólafsson
ÚR OG SKARTGRÍPIR
GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509



Vortilboð



Forréttur

Djúpsteiktur lax
tempura á blönduðu
salati með soyasósu

kr. 1.700.-

Aðalréttur

Grillsteikt Kjúklingabringa
ostfyllt ala Napoli með
ofnbakaðri kartöflutvennu
og rjómasveppasósu

kr. 3.500.-

Opið frá kl. 18:00 - www.bautinn.is - S:461-5858 - Hafnarstræti 92



Læknastofur Akureyrar

Læknastofur Akureyrar er fyrirtæki sérfræðilækna, sem hafa að markmiði að vera leiðandi innan læknisfræðilegrar og annarrar heilsutengdrar þjónustu. Læknastofurnar eru til húsa í Hafnarstræti 97 á 6. hæð í Krónunni á Akureyri. Starfsemin samanstendur af hefðbundnum læknastofum með sérfræðimóttöku og fullkominni skurðstofu, þar sem ferliverkaaðgerðir eru framkvæmdar.

Þeir aðilar sem hafa aðstöðu á Læknastofum Akureyrar eru:

Ágúst Birgisson	lýtalæknir og bæklunarskurðlæknir	Halldór G. Halldórsson	tannlækningar í svæfingu
Erlingur H. Kristvinsson	háls-, nef- og eyrnalæknir	Haraldur Hauksson	skurðlæknir og æðaskurðlæknir
Friðrik P. Jónsson	háls-, nef- og eyrnalæknir	Húðlæknastöðin	húðsjúkdómalæknar og lasermeðferð
Guðni Arinbjarnar	bæklunarskurðlæknir	Marta Hermannsdóttir	tannlækningar í svæfingu
Helga Magnúsdóttir	svæfingalæknir	Ragnar Jónsson	bæklunarskurðlæknir
Valur P. Marteinnsson	skurðlæknir og þvagfæraskurðlæknir	Ragnheiður Baldursdóttir	fæðinga- og kvensjúkdómalæknir
Árni Hafstað	heyrafræðingur	Sigurður R. Sæmundsson	barnatannlækningar í svæfingu
Edward Kiernan	fæðinga- og kvensjúkdómalæknir	Sigríður Ásta Hauksdóttir	fjölskyldumeðferðarfræðingur
Girish Hirlekar	svæfingalæknir	Sjómannaheilsa	læknir og hjúrunarfræðingar
Guðmundur Björnsson	endurhæfingalæknir		
Halldóra Björnsdóttir	hjartalæknir		

www.lak.is



Þórhildur G. Kristjánsdóttir:

Kæru mótsgestir

Nú er komið að níunda Landsmóti íslenskra kvennakóra. Gestgjafarnir að þess sinni, Kvennakór Akureyrar tók við boltanum á síðasta móti sem haldið var á Selfossi í apríl 2011 og hafa þær unnið af miklum krafti að því að gera þetta mót sem glæsilegast. Nú er komið að okkur hinum að njóta. Yfir 700 konur úr kvennakórum víðsvegar af landinu eru hér samankomnar til að syngja og gera sér glaðan dag. Það er einstök upplifun að taka þátt í svona móti og ógleymanlegt þeim sem það hafa gert. Þegar haldið er á Landsmót verður mikil spennan í kórunum, hafist er handa við að æfa og undirbúa sönginn, það þarf að panta rútur og gistingu og hvaðeina sem tiltækt þarf að vera þegar hópur kvenna leggur land undir fót. Og ekki má gleyma að minnast á allar sögurnar frá fyrri mótum. Þær sem reyndari eru í þeim efnum keppast við að

segja nýliðunum frá og þá er oft hlegið dátt, tilhlökkunin er mikil. Svo mikil hjá sumum að heyrst hefur að kórar hafi bókað hótél á Akureyri á leiðinni heim af mótinu á Selfossi fyrir þremur árum.

Það þarf mikla skipulagningu og gríðarlega vinnu til að svona stórt mót verði að veruleika. Það hafa konurnar í Kvennakór Akureyrar ekki talið eftir sér að gera og við sjáum afraksturinn af þeirri vinnu á þessu glæsilega móti. Við þökkum undirbúningsnefndinni, kærlega fyrir þeirra störf, sem og öllum hinum sem hafa þar lagt hönd á plóg.

*F.h. stjórnar Gígjunnar, landssambands
íslenskra kvennakóra*

Þórhildur G. Kristjánsdóttir formaður



SÍMI: 464 9955

www.byggd.is

SKIPAGATA 16 – 600 AKUREYRI
OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17

EKKI GERA EKKI NEITT

Öflugur greiðendavefur með
hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

motus

ÚR ELDHÚSI GREIFANS

Humar-tómata-pasta

Penne pasta og humarhalar í tómata-, hvítlauks-, parmesan- og hvítvínssósu með blaðlauk, papriku og sveppum. Borið fram með salati og hvítlauksbrauði.



Karrý Kókos - kjúklingasúpa

Kjúklingur, sveppir, rautt karrý, sítrónugras og kóríander í kókosmjólk. Með nýbökuðu brauði, salati og ólífumauki (tapenade).



Kjúklingur á teini - "Teriyaki"

Bragðmikill grillaður kjúklingur í Teriyaki sósu. Borið fram með salati með trönuberjum, sætum kartöflum, hrísgrjónum og kryddjógurtsósu.



Kengúru fille

Grillaður kengúruhryggvöðvi, hulinn heimalöguðu döðlu "chutney". Borið fram með salati, ristugu rótargrænmeti, soðsósu hússins og bakaðri kartöfu.



Saltfiskloka

Saltfiskur, sultaður laukur, salat og "chilli mæjó". Borið fram í hamborgarabrauði með frönskum og kokteilsósu.



Pantaðu borð á www.greifinn.is
eða í síma **460 1600**





Gunnfríður Hreiðarsdóttir:

Þetta var hreint ævintýri

Í febrúar árið 1967 dró til tíðinda í sönglífi á Akureyri. Lítil vettvangur hafði verið til söngs fyrir konur, þó að nokkrar væru þær í kirkjukórnum. Þeir voru blandaðir, en fámennir og nú þótti kvenþjóðinni sem þeirra tími væri kominn til að láta að sér kveða. Þörfin var orðin mikil og konur orðnar söngþyrstar, svo að það reyndist ekki erfitt verk að koma málinu á skrið. Konur í kór Akureyrarkirkju læddust á fund upp í kirkjuturn undir predikun einn sunnudaginn og ákváðu að auglýsa eftir konum til að stofna kór. Viðbrögðin létu ekki á sér standa.

Gunnfríður Hreiðarsdóttir rifjar upp:

„Það mættu einar 40-50 konur á þennan stofnfund sem auglýstur var og ég var þeirra á meðal. Fundinn var æfingastaður, í byrjun var það kapallan í Akureyrarkirkju, en síðan fengum við að æfa í Lóni, húsnæði karlakórsins Geysis, sem á þeim tíma var til húsa þar sem Rýmið er núna. Jakob Tryggvason tók að sér söngstjórn og Sigurður Demetz raddþjálfun. Þeir byrjuðu á að skylda allar konur sem vildu vera með, til að fara í söngtíma. Demetz tók okkur þrjár og þrjár í senn í tíma inn í tónlistarskóla og þannig var kennt alveg fyrsta árið og mig minnir líka annað árið. Þá voru líka nokkrar okkar komnar í einkatíma í skólanum og konurnar líka almennt orðnar sjóaðri. Áframhaldið var þó þannig, að fyrsti hluti hverrar æfingar var tekinn í raddþjálfun enda ekki sungið eftir nótum. Þannig var það haft áfram næstu tvö-þrjú árin og það skilaði sér svo sannarlega, enda komust konurnar ekki upp með annað en að mæta og standa sig. Fyrst eftir að farið var að styðjast við nótur, voru þær prentaðar á einhvers konar handsnúna vél, því að ekki lágu ljósritunarvélar á lausu í þá daga“.

Í fyrstunni lásu fáar kvennanna nótur, en þeim fjölgaði ört. Þó var alltaf sungið blaðlaust á tónleikum: „Það var ekkert gefið eftir og við komumst ekkert upp með annað heldur en að við lærðum allt og sungum blaðlaust- alltaf. Þegar viss tími var eftir fram að tónleikum, þá var bara bannað að vera með þetta og nótnablöðunum lagt, enda þegar bókinni er lokað, þá fyrst kemur þetta. Þá er látið vaða, allar vitleysurnar heyrast og þá er bara leiðrétt og þússað“.

Æft var tvisvar í viku og kröfurnar miklar. „Það var ekkert gefið eftir með það og Jakob krafðist mætinga. Ef illa var mætt, var hann ekkert lamb að leika við“. Gunnfríður hlær við

tilhugsunina og bætir við: „Hann var misjafnlega vel liðinn af þessum konum því að hann lét okkur alveg vita hvað honum fannst og var ekki alltaf að fara fínt í það. „Hélduð þið að þið gætuð sungið?“ var einu sinni spurt þegar óvenju illa gekk rétt fyrir tónleika, þá var ekki gaman. En svo var hann jafn ljúfur og góður þegar allt var eins og það átti að vera. Þær sem höfðu hæst og voru hvað reiðastar við hann svona síðasta sprettinn, þær voru náttúrulega fyrstar til að koma og kyssa hann þegar tónleikar voru búnir“. Allt gleymt og gleðin ein eftir.

Þannig var lífið í þessum ágæta kór. Menn æstu sig og örvæntu af og til, en þegar upp var staðið, var ekki til yndislegri félagsskapur og vináttuböndin voru sterk.

„Þetta var náttúrulega bara ævintýri, mér fannst þetta alveg yndislegt- og okkur öllum, held ég, sem vorum þarna“.

Bakhjarlar Gígjunnar voru engir, ólíkt því sem karlakórarnir gátu státað af:

„Karlakórarnir, bæði Karlakór Akureyrar og Geysir höfðu alltaf kvenfélögin á bak við sig, en í þeim voru eiginkonur margra þessara karla. Þær bökðu og héldu kökubasara og guð má vita hvað og söfnuðu peningum handa þeim og studdu við þá, en við höfðum ekkert þannig á bak við okkur, svo að það sem við gerðum, gerðum við eiginlega á handaffli og það var bara allt í lagi“.

Fyrir tilstilli þessara peningastyrkja, gátu karlarnir leyft sér meiri munað. Þeir höfðu til dæmis efni á að fara í tónleikaferðir til annarra landa á meðan konurnar héldu sig við heimamarkaðinn.

„Af og til var farið í söngferðir, en einungis innanlands. Á þessum tíma unnu konur lítið utan heimilisins, en það var þó að færast í vöxt. Þeim þótti þó ótækt að taka af heimilispeningunum til að skemmta sér og kosta með þeim söngferðir út í heim. Einu sinni vorum við þó komnar hálfa leið með undirbúning á ferð til Skotlands, en það hrundi allt, því að þeim fannst þær ekki geta tekið peninga handa sjálfum sér frá heimilinu“.

Á þessum árum söfnuðu allir kórar styrktaraðilum. Þetta voru einstaklingar sem greiddu ákveðna fjárhæð á ári og fengu boðsmiða á tónleika.

Gíggan gaf út eina plötu:

„Hún var fjármögnuð með því til dæmis að við tókum að



KJARNAFÆÐI

STOLT ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU ÍSLENSKT HEIÐALAMB

MEÐ VILTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG · BIRKILAUF · AÐALBLÁBERJALYNG · EINIR



VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

www.kjarnafaedi.is

okkur ýmis verkefni. Það var verið að byggja blokkirnar þarna uppi í Hjallalundi og við tókum að okkur að þrifa eina slíka eftir byggingu, áður en farið var að mála. Það tók okkur nokkur kvöld og eina helgi og við bara brettum um ermar og fórum allar í þetta, m.a.s. þær sem voru með fínu, rauðlökkðu neglurnar. Þær létu ekki sitt eftir liggja. Einnig þrífum við nýbyggingu Vatnsveitunnar uppi á Rangárvöllum. Erfitt, en skemmtilegt“.

Svo kom að því að kórinn hætti störfum. Jakob ákvað að hætta sem stjórnandi, hann var orðinn roskinn og heilsan að bila. „Þeir uxu ekki á trjánun, söngstjórar þá, frekar en oft síðar. Þegar þarna var komið sögu, voru konur farnar að vinna mikið úti og gáfu sér ekki tíma til að vera í þessu líka, auk þess sem nýliðun þekktist varla orðið í kórnum. Það var því ákveðið á aðalfundi að hætta þessu, því að annað hvort gerir maður vel eða lætur það alveg vera. Þannig var þessu eiginlega sjálfhætt. Ekki voru allar sáttar við það, en þó var meirihluti meðmæltur“.

Og það átti að hætta með stæl. Stefnt var á vortónleika sem lokaverkefni söngfélagsins Gígjunnar og æft af kappi. Ákveðið var að halda tónleikana á Laugum, en ferðin þangað varð eiginlega að svaðilför, miklar fannir og ófærð, svo að fara þurfti Kinnina til að komast á leiðarenda.

„Ég man ekki hvað við vorum ofboðslega lengi að komast austur að Laugum. Við sungum þar og líka hér í bænum, en okkur fannst þetta ekki ganga nógu vel, svo að við ákváðum að taka þetta upp að haustinu og héldum þá tvenna tónleika sem voru boðstónleikar. Við buðum öllum styrktarfélögum og bara hverjum sem hafa vildi og fylltum Borgarbíó eins og það var þá. Það var semsagt lokasöngurinn. Ætli við höfum ekki verið rúmt ár að sleikja sárin áður en við gátum farið að ganga frá og gera upp, ganga frá nótum og pappírnum og koma þessu öllu á rétta staði. Og við hettum skuldlausar“.

Gunnfríði þótti sárt að þurfa að taka þessi skref, því að Gígjustarfið var búið að vera mjög stór hluti af henni öll þessi ár. En hún var aldeilis ekki hætt að syngja. Í áratugi var hún í kór Akureyrarkirkju og hún söng með kvennakórnum Emblu þar til í byrjun árs 2013. Enn er hún þó ekki búin að syngja sitt síðasta og er nú að syngja með kór eldri borgara á Akureyri. Sá heitir Í fínu formi. „Á ekki að heita að maður sé í fínu formi ef maður getur staðið upp á endann og sungið“? Þar æfir hún tvisvar í viku og nýtur félagsskapar eldri og nýrri söngfélaga.

Sumir geta bara ekki hætt.

www.toyotaakureyri.is



Vissir þú...

- að okkur vantar ALLAR tegundir notaðra bíla á skrá...
- að við þjónustum ALLAR tegundir bíla...
- að við tökum á móti þér með gleði, jákvæðni og margrómaðri þjónustulund...
- að þó að þú eigir ekki Toyota, þá þarftu samt ekki að neita þér um topp þjónustu...



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Akureyri | Baldursnes 1 | 603 Akureyri
Sími 460 4300 | Fax 460 4301

Láttu þér líða vel

á Icelandair hótel Akureyri



AKUREYRI
Icelandair Hotels



High Tea
alla daga kl. 14-18



Happy hour

alla daga kl. 16-18

Helmingsafsláttur af víni hússins,
bjór af krana og kokteil dagsins.

Komdu og njóttu veitinga sem veita birtu og yl.
Við tökum vel á móti þér.

Icelandair hótel Akureyri, Þingvallastræti 23
Bókanir og upplýsingar í síma 518 1000 og á icelandairhotels.is

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

REYKJAVÍK NATURA

REYKJAVÍK MARINA

Í KEFLAVÍK

FLÚÐIR

KLAUSTUR

HÉRAÐ

AKUREYRI

HAMAR



Una Þórey Sigurðardóttir:

Ágætu landsmótsgestir


Söngurinn göfgar, hann lyftir í ljóma
lýðanna stríðandi þraut;
söngurinn vermir og vorhug og blóma
vekur á köldustu braut;
söngurinn yngir, við ódáiðshljóma
aldir hann bindur og stund,
hisminu breytir í heilaga dóma,
hrjóstrinu í skínandi lund.

Matthías Jochumsson

Það er komið vor og vorið ber með sér birtu, gróður og
yl. Vorinu fylgir einnig söngur, ekki síst kórsöngur. Hér á
Akureyri er þessa maídag haldið níunda landsmót íslenskra
kvennakóra. Rúmlega 700 konur í 20 kórnum mæta til leiks að
þessu sinni, þar af er einn gestakór frá Noregi. Söngur og gleði
munu óma um bæinn. Segja má að undirbúningur mótsins

hafi byrjað strax að loknu síðasta landsmóti sem haldið var á
Selfossi árið 2011. Það er að mörgu að hyggja þegar svo stór
viðburður er undirbúinn. Margar hendur innan sem utan
kórsins hafa lagt hönd á plóginn og hjálpað til. Kærar þakkir
fær kórstjórn okkar, Daniel Þorsteinsson. Hann hefur stutt
okkur frá upphafi með einlægum áhuga og faglegum metnaði
fyrir okkar hönd við framkvæmd þessa verkefnis. Á Akureyri
og í Eyjafirði er mikið kórastarf, blómlegt tónlistarlíf byggt
á gömlum og traustum grunni. Það hefur komið okkur að
góðum notum við undirbúning mótsins. Að venju hefur mikill
metnaður verið lagður í lagaval og fjölbreytileiki hafður að
markmiði í smíðjum. Við söngsystur í Kvennakór Akureyrar
bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin og vonum af heilum
hug að þið njótið helgarinnar.

*Una Þórey Sigurðardóttir
formaður Kvennakórs Akureyrar*



Ýmis konar gardínulausnir fyrir fyrirtæki og heimili

- screen-, myrkvunar og strim-
lagardínur eftir máli auk
mikils úrvals gardínuefna.

Heilsurúm - íslensk hönnun og framleiðsla.

Rúmin frá okkur uppfylla
heilsuþarfir tveggja einstaklinga
sem sofa í sama rúmi.

Sængur, koddar,
rúmfatnaður, púðar,
rúmtoppi, handklæði
og bað- og gjafavara.

Mikið til af fataefnum,
t.d. bómullar-, viskós- og
polyesterjersey, safíni, spandexi,
blúndu o.fl.

Við tökum vel á móti þér.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 > 108 Reykjavík > Sími 533 3500

Hofsbót 4 > 600 Akureyri > Sími 462 3504

Finndu okkur á facebook - www.facebook.com/ak.vogue

Glaðilegt úrval

UNDIRFÖT - NÁTTFÖT - NÁTTKJÓLAR
SLOPPAR - SUNDFATNAÐUR
SOKKABUXUR - AÐHALDSUNDIRFÖT



Isabella

Hafnarstræti 97 • Sími 461 1209

Gæði og þjónusta er hjá okkur
Vertu vinur okkar á Facebook 



Verið velkomin | Póstsendum | Opið laugard.10 - 17



Margrét Bóasdóttir:

Kveðja

Vorið 1992 var haldið fyrsta landsmót kvennakóra í Ýdölum í Aðaldal.

Þar mættu 5 kórar með um 150 söngkonum. Það voru þá allir starfandi kvennakórar landsins.

Hér á Akureyri á 9. landsmóti kvennakóra koma nú saman yfir 700 söngkonur og þátttökukórar eru 20. Starfandi kvennakórar eru yfir 30 talsins og gróska, gleði og metnaður einkennir starf þeirra.

Það hefur verið mér mikil ánægja og heiður að vera mótsstjóri á mörgum landsmótum og fylgjast með starfi Gígunnar, landssambandi kvennakóra frá stofnun þess árið 2003.

Nafnið Gígjan var meðal annars valið til heiðurs þeim glæsilega kvennakór sem starfaði á Akureyri um árabil undir stjórn Jakobs Tryggvasonar, meðan söngur kvennakóra var afar fátíður.

Kvennakór Akureyrar hefur undirbúið landsmótið af miklum metnaði og það er tilhlökkunarefni fyrir alla þátttakendur að eiga þess kost að hittast, kynnast nýrri tónlist og fleiri kórum og syngja saman af hjartans lyst hjá glæsilegum stjórnendum.

Ég óska öllum þátttakendum og áheyrendum gleðiríkra daga á Akureyri og hlakka til að njóta þeirra með ykkur.

Margrét Bóasdóttir



Er kórinn þinn að hugleiða söngferð út fyrir landssteinana?



Hafðu samband við okkur!

**Sími: 461 1841 - nonni@nonnittravel.is
www.nonnittravel.is**



Ferðaskrifstofan
NONNI TRAVEL

Tengiliðir

Heiti kórs	Tengiliður	Símanúmer
Cantabile	Hildur Petra Friðriksdóttir	s: 862 8265
Freyjukórinn	Stella Sverrisdóttir	s: 861 9877
Jórukórinn	Guðrún Friðjónsdóttir	s: 896 0633
Kvennakór Garðabæjar	Svava Gunnarsdóttir	s: 866 8242
Kvennakór Hafnarfjarðar	Eygló Arnardóttir	s: 692 0229
Kvennakór Hornafjarðar	Ana M. Korbar	s: 853 7783
Kvennakór Ísafjarðar	Sigurjóna Jóhannesdóttir	s: 862 8813
Kvennakór Kópavogs	Þórunn Anna Elíasdóttir	s: 865 3070
Kvennakór Reykjavíkur	Anna Dóra Gunnarsdóttir	s: 863 7337
Kvennakórinn Hekklurnar	Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir	s: 863 1355
Kvennakórinn Ljósbrá	Lára Sigurðardóttir	s: 896 6391
Kvennakórinn Norðurljós	Anna J. Benjamínsdóttir	s: 869 2419
Kvennakórinn Salka	Birna Snorradóttir	s: 899 9749
Kvennakórinn Seljur	Inga Margrét Ólafsdóttir	s: 846 7640
Kvennakórinn Ymur	Kristbjörg Kjartansdóttir	s: 898 5989
Kyrjurnar	Guðrún Hreindís Hreinsdóttir	s: 898 7383
Léttisveit Reykjavíkur	Anna Jóhannesdóttir	s: 891 7940
Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur	Unnur Karlsdóttir	s: 660 1778
Vox Humana	Anita Aanesen	s: 663 5987

SPORTVER

Glerártorgi | Sími 461 1445

*Allt fyrir
hlaupið,
skakkið
og frúð*

Cantabile

Cantabile er kvennakór fyrir konur frá 18 ára aldri. Kórinn var stofnaður haustið 1997, sem Gospelsystur Reykjavíkur af Margræti J. Pálmadóttur. Fjöldi kórkvenna er um 50 talsins og eru margar þeirra búnar að vera í kórnum frá upphafi. Efnisval kórsins er íslensk kvennakórátónlist, þjóðlög og kirkjutónlist. Kórinn hefur komið fram við mörg tækifæri og sungið víða bæði innanlands og utan. Hann hefur haldið marga sjálfstæða tónleika og fjölmargir þjóðkunnir listamenn hafa komið fram með kórnum. Kórinn hefur m.a. farið í tónleikaferðir til Þýskalands, Ítalíu og Ameríku. Árið 2003 fór kórinn í pílagrímsferð til Rómar á Ítalíu þar sem hann söng við hámessu í Péturskirkjunni. Félagar úr kórnum hafa nokkrum sinnum sótt æfingabúðir til Ítalíu, síðast árið 2013. Kórinn hefur gefið út einn geisladisk „Undir norðurljósum“ árið 2003.



Freyjukórinn

Freyjukórinn í Borgarfirði var stofnaður 1990 og í honum syngja að jafnaði 35-40 konur. Kórinn starfar yfir vetrartímann og æfir einu sinni í viku. Undanfarin ár hefur æfingum verið skipt þannig að annað árið er æft í Borgarnesi og hitt árið í Logalandi í Reykholtssdal. Árlega hefur kórinn staðið fyrir veglegum jólatónleikum, sungið við margvísleg tækifæri í héraði og oftast haldið veglega vortónleika. Undanfarin þrjú ár hefur kórinn staðið fyrir söngbúðum með Kristjönu Stefánsdóttur eina helgi í mars fyrir allar konur á Vesturlandi og í hvert sinn hafa um 70 konur tekið þátt í þessum viðburði, sem ber heitið Syngjandi konur á Vesturlandi. Sönghelginni hefur verið fylgt eftir með tónleikum og í mars s.l. voru þeir tónleikar haldnir í Hjálmaskletti í Borgarnesi, í Grundarfjarðarkirkju og Frikirkjunni í Reykjavík. Af öðru starfi veturinn 2013-2014 má nefna að í nóvember söng kórinn með kvennakórnum Ym á Akranesi á Vökudögum og tók ásamt Samkór Mýramanna þátt í tónleikum Tónlistarskóla Borgarfjarðar helguðum 200 ára ártíð Wagners og Verdi. Í desember hélt kórinn tvenna aðventutónleika með Karalakór Kjalnesinga í Langholtskirkju og Reykholtskirkju, söng á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi, þegar kveikt var á jólatrénu í Borgarnesi og á Hyrnutorgi á aðventunni. Veturinn kvaddi kórinn svo á vortónleikum með



Magnúsi Eiríkssyni í Reykholtskirkju á síðasta vetrardag. Þar sem kórinn fór til Ítalíu 2012 er ekki hugað að öðrum ferðalögum þetta árið en á landsmót kvennakóra á Akureyri. Stjórnandi kórsins er Zsuzsanna Budai tónlistarkennari og organisti. Zsuzsanna lauk MA prófi í píanóleik árið 1988 frá Ferenc Liszt Háskólanum í Búdapest, 1991 flutti hún til Íslands og hefur Freyjukórinn notið krafta hennar frá árinu 1998.

Jórukórinn

Jórukórinn var stofnaður á Selfossi árið 1996. Í kórnum eru að jafnaði 40 – 50 söngglaðar konur frá Selfossi og nágrenni. Kórinn syngur fjölbreytta tónlist sem höfðar til allra aldurshópa, dægurlög, þjóðlög og klassísk verk. Jórukórinn gaf út geisladisk í tilefni af 10 ára afmælinu „Mátulegt er meistarstígi“. Kórinn hefur farið í 3 tónleikaferðir erlendis og tekið þátt í kóramótum innanlands. Tónleikar eru á aðventunni og á vorin en einnig við önnur tækifæri. Æft er einu sinni í viku. Fyrsti stjórnandi kórsins var Elín Gunnlaugsdóttir, Helena R. Káradóttir stjórnaði kórnum á árunum 1997 – 2004 og tók hún aftur við stjórnartaumum haustið 2009 og stjórnaði kórnum til ársins 2012. Árin 2005 – 2009 var Hlín Pétursdóttir Behrens



stjórnandi. Núverandi stjórnandi kórsins er Stefán Þorleifsson en hann tók við stjórnun kórsins 2012. Píanóleikari kórsins frá stofnun til ársins 2012 var Þórlaug Bjarnadóttir.



Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum starfsfólks í sjávarútvegi

Útvegsmenn, sjómenn og landvinnslufólk,
kynnið ykkur ýmsan fróðleik um heilbrigðismál
á heimasíðunni okkar

www.sjomannaheilsa.is

Nánari upplýsingar hjá: svanlaug@centrum.is

MIKIÐ ÚRVAL AF PRJÓNABLÖÐUM OG HANNYRÐUM



NÝTT

NÝJASTA
BARNABLAÐIÐ
FRÁ DALE ER
KOMIÐ Í HÚS



A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

s. 580 0000 / www.a4.is

A4

Kvennakór Hornafjarðar

Kvennakór Hornafjarðar er að ljúka sínu 17. starfsári, var stofnaður 9. september 1997 og hefur starfað samfellt síðan. Um það bil 40 konur eru í kórnum og æfingar eru tvisvar sinnum í viku. Stjórnandi kórsins er Heiðar Sigurðsson tónmenntakennari við Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu og sér hann einnig um undirleik. Lagaval er fjölbreytt og ávallt í léttari kantínunum. Kórinn gaf út diskinn Jólaloga fyrir jólin 2012. Konurnar í Kvennakór Hornafjarðar hafa verið duglegar að ferðast innanlands og utan og nú síðastliðið sumar var farið til Bolzano á Ítalíu. Kórinn hefur einnig farið á flest Landsmót íslenskra kvennakóra sem haldin hafa verið.



Kvennakór Ísafjarðar

Kvennakór Ísafjarðar tók til starfa í ágúst 2006 og er því á sínu áttunda starfsári í ár. Stofnandi kórsins er Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir og hefur hún lengst af einnig stjórnað kórnum. Hún er þó í leyfi sem stendur og tók Tuuli Rähni við stjórn kórsins síðastliðið haust. Kórinn hefur frá stofnun verið með fjölbreytta efnisskrá þar sem sungin hafa verið lög af ýmsum toga, allt frá stærri kórverkum til íslenskra og erlendra þjóðlaga auk léttari popp- og dægurlaga. Kórinn hefur flutt efni á sjálfstæðum tónleikum, oft á aðventu og í vetrarlök. Einnig hefur hann komið fram með öðrum ísfirskum kórnum m.a. á menningarhátíðinni Vetturnóttum. Síðasta vetur flutti kórinn til að mynda suður amerísku messuna Misa Criolla eftir Ariel Ramirez, ásamt fleira vestfirsku tónlistarfólki. Þá tók kórinn á móti fjórum kvennakórum síðastliðið vor, þremur af höfuðborgarsvæðinu og einum frá Noregi og voru haldnir sameiginlegir tónleikar í Ísafjarðarkirkju.

Meðlimir Kvennakórs Ísafjarðar eru þessir:

Sópran I: Andrea Harðardóttir, Bergljót Pálmadóttir, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir, Jóhanna Oddsóttir, Oddný Elinborg Bergsdóttir, Svanhildur



Garðarsdóttir, Sædis María Jónatansdóttir, Þuríður Katrín Vilmundardóttir.

Sópran II: Erla Rún Sigurjónsdóttir, Gréta Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Hafberg, Kolbrún Benediktsdóttir, Pernilla Rein, Sæunn Sigríður Sigurjónsdóttir.

Alt: Claudia Schiller, Dagný Þrastardóttir, Dóróthea Margrét Einarsdóttir, Gunnfríður Magnúsdóttir, Hildur Halldórsdóttir, Mariam Esmail.

Kyrjurnar

Kyrjurnar voru stofnaðar haustið 1997 af hópi kvenna sem voru saman á söngnámskeiði í Söngsmiðjunni og eru því að hefja sitt 17. starfsár næstkomandi haust.

Við höfum haldið tónleika að vori og hausti en í ár þá höldum við tónleika í mars og söng Þór Breiðfjörð ásamt tríói með okkur á þeim.

Kórinn hefur bæði tekið þátt í Landsmótum kvennakóra og svo norrænum kvennakóramótum, sungið við ýmis tækifæri og farið í 3 söngferðir erlendis - til Ítalíu, Slóveníu og Króatíu og svo síðast til Austurríkis (Tírol).

Við höldum upp á 15. starfsárið okkar með því að fara í söngferðalag til Seefeld, Tírol. Þar höldum við bæði tónleika og sungum við kaþólska messu.

Kórstjóri allt frá stofnun er Sigurbjörg Hvanndal Magnúsdóttir, mezzó-sópran. Undirleik hefur Halldóra Aradóttir,



píanókennari annast síðan 2000 og hefur hún ennfremur séð um útsetningar fyrir kórinn. Að jafnaði eru 28 - 35 konur í kórnum.

Ljósbrá

Kvennakórinn Ljósbrá var stofnaður haustið 1989 og fagnar því 25 ára afmæli í ár. Stofnendur kórsins voru Guðríður Jónsdóttir, Margrét Runólfsson og Elín Jónsdóttir allar búsettar í Rangárvallasýslu. Núverandi stjórnandi kórsins er Marianna Másdóttir og hefur hún stjórnað kórnum frá því 2011. Í Kvennakórnum Ljósbrá starfa að jafnaði 30 – 40 konur.

Markmið kvennakórsins er; að fá konur til að koma saman og syngja sér til ánægju, sem fjölbreyttasta tónlist, koma fram og syngja við hin ýmsu tækifæri, vera okkur til sóma þar sem komið er fram í nafni kórsins, vinna stöðugt að framförum og hafa metnað ávallt í fyrirrúmi.

Kórinn heldur að öllu jöfnu tvenna vortónleika. Þar að auki tekur kórinn alltaf þátt í sameiginlegum adventutónleikum kóranna í Rangárvallasýslu.

Kórinn hefur tekið þátt í öllum landsmótum kvennakóra. Vorið 2006 fór kórinn til Austurríkis í sína fyrstu utanlandsferð.

Norðurljós

Kvennakórinn Norðurljós var stofnaður haustið 1999 af söng-glöðum konum á Hólmavík og nærsveitum. Að jafnaði starfa 15-20 konur á öllum aldri í kórnum, flestar frá Hólmavík og nokkrar frá Dranganesi og nærsveitum Hólmavíkur.

Vetrarstarfið hefst jafnan í byrjun september. Æft er einu sinni í viku auk þess sem aukaæfingum er bætt við þegar mikið stendur til.

Vortónleikar, þátttaka í adventukvöldi og Hamingjudögum á Hólmavík eru fastir liðir í starfsemi kórsins auk þess sem hann hefur tekið þátt í mörgum viðburðum innan héraðs sem utan. Kórinn hefur m.a. sungið við útvarpsmessu, á Sæluviku í Skagafirði og tók þátt í landsmótum kvennakóra í Keflavík vorið 2002, í Hafnarfirði 2005 og á Selfossi 2011. En við gerum meira en að syngja. Við hittumst til að þrjóna og svo komum við saman fyrir jólin til að föndra og komum oft saman til að borða góðan mat. Fjáröflunin tekur líka sinn tíma. Það er bakað og bakað og svo tinum við líka rusl meðfram vegunum í Strandasýslu og sláum þar margar flugur í einu höggi; söfnum aurum, hreinsum til og eflum andlegt og líkamlegt þrek okkar.

Söngferðalög innanlands og utan eru stór og spennandi þáttur í kórstarfinu. Við höldum reglulega tónleika í nærsveitum Hólmavíkur og víðar og syngjum oft fyrir brottflutta Strandamenn. Kórinn hefur farið í þrjár utanlandsferðir, einu sinni til Danmerkur og tvisvar til Skotlands.



Kórinn vann Menningarverðlaun Sunnlenska fréttablaðsins og Töðugjalda haustið 2006.

Haustið 2009 gaf kórinn út geisladiskinn Fljóðaljód í tilefni 20 ára starfsafmælis.



Efnisskrá kórsins hefur jafnan verið af léttara tagi. Margir hagamæltir velunnarar Norðurljósa hafa ort eða þýtt söngtexta sérstaklega fyrir kórinn og svo hafa tónelskir vinir útsett lög fyrir okkur. Við leggjum áherslu á að hafa lagavalið fjölbreytt og þrátt fyrir löng kaffihlé á æfingum hefur okkur tekist að æfa og flytja u.þ.b. 180 lög frá upphafi auk 40 jólalaga. Fyrir jólin 2008 gaf kórinn út geisladiskinn Norðurljós.

Margt tónlistarfólk hefur liðsinnt kórnum á þeim tíu árum sem hann hefur starfað. Sigríður Óladóttir hefur verið stjórnandi frá upphafi. Núverandi píanaóleikari með kórnum er Viðar Guðmundsson og Gunnlaugur Bjarnason leikur á gítar. Formaður kórsins er Ingibjörg Birna Sigurðardóttir.



Hafnarstræti 96 - 600 Akureyri

Opnum með nýbökuð brauð og tertur
alla morgna
og auðvitað ilmandi nýmalað Rúbin kaffi

OPIÐ:

Mánudaga-föstudaga kl. 9:00-23:30

Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00-23:30

Hlökkum til að sjá ykkur

Ríkka auglýsir:



*Flottur danskur
kvenfatnaður frá:*

KELLO

ELTON

PARDON®

CHOISE
by Amwear

DELUCA



RIKKA
kvenfataverslun

Hafnarstræti 99-101
Amarhúsinu
Sími 451 3400

netto

GLERÁRTORG
AKUREYRI

Á góðri siglingu í 100 ár

Með viðtækri samstöðu þjóðarinnar var Eimskipafélag Íslands stofnað þann 17. janúar 1914. Félagið hefur vaxið og dafnað í áranna rás og gengið í gegnum gríðarlegar breytingar bæði í meðvindi og andstreymi.

Árið 2014 er Eimskip alþjóðlegt flutningafyrirtæki með um 1.400 starfsmenn og starfsstöðvar og samstarfsaðila víða um heim.

Á þessum merku tímamótum litum við auðmjúk um öxl með þakksæti í huga en horfum jafnframt bjartsýn og full tilhlökkunar til þeirra krefjandi verkefna er biðin Eimskipafélagssins.

EIMSKIP
YFIR HAFID OG HEIMT 100 ÁR

Þelfgæmi Pétur Sigurðsson háseti og Sigurður Pétursson skipstjóri um borð í Guðfessi árið 1930.
Sigurður var fyrsti skipstjórinn sem rýðinn var til Ítalíalands.

Kvennakór Akureyrar

Saga Kvennakórs Akureyrar nær aftur til ársins 1997 þegar hópur kvenna sem tengdist íþróttafélaginu KA ákvað að stofna blandaðan kór. Norðlenskir karlar voru hins vegar tregir til að ganga til liðs við kórinn og var honum þá einfaldlega breytt í kvennakór. Veturinn 2000-2001 munaði litlu að kórinn legði upp laupana því kórfélagar heltust úr lestinni hver á fætur öðrum þar til aðeins 16 konur voru eftir. Var þá gripið til þess ráðs að kynna starfsemina með söng á kaffihúsinu Bláu Könnunni og auglýsa um leið eftir kórfélögum í nýjan kvennakór. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, konur þyrptust í kórinn sem náði að fylla hundraðið á næstu vikum og á aðalfundi um veturinn var ákveðið að gefa kórnum nafnið Kvennakór Akureyrar.

Frá upphafi og til ársins 2003 var stjórnandi kórsins Björn Leifsson en þá tók Þórhildur Örvarsdóttir við stjórnartaum-unum. Enn var skipt um kórstjóra haustið 2005 þegar Arnór B. Vilbergsson varð kórstjóri kvennakórsins en síðan tók Jaan Alavere við keflinu árið 2008 og hélt því í eina önn. Núverandi kórstjóri og sá sem lengst hefur haldið út við að stjórna kórnum er Daniel Þorsteinsson sem einnig er undirleikari kórsins.

Í dag telur kórinn um 80 konur og æfir einu sinni í viku yfir vetrartímann. Lagavalið er fjölbreytt; ættjarðarkvæði og



sálmar eru sungnir í bland við rokkslagara, drykkjuvísur og söngleikjalög.

Bæjarbúum gefst tækifæri á að hlýða á Kvennakór Akureyrar á vortónleikum ár hvert og einnig á adventunni á jólatónleikum sem kórinn heldur til styrktar Mæðrastreksnefnd Akureyrar. Auk þess er sungið við ýmis önnur tækifæri á Akureyri og í öðrum bæjarfélögum og kórinn brallar ýmislegt saman, heldur skemmtikvöld og fer í lengri og styttri ferðalög.

Kórinn hefur þrisvar farið í utanlandsferðir til tónleikahalds, til Slóveníu sumarið 2005, til Eistlands 2008 og nú síðast sumarið 2012 til Kanada og Norður-Ameríku þar sem meðal annars var tekið þátt í hátíðahöldum Íslendingadagsins í Gimli. Kórinn hefur gefið út einn geisladisk, Sólardans á vori.

Kvennakór Garðabæjar

Kvennakór Garðabæjar var stofnaður á haustmánuðum árið 2000. Stjórnandi og jafnframt stofnandi er Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópransöngkona. Markmið kórsins er að gefa konum tækifæri til að taka þátt í metnaðarfullu söngstarfi, auk þess að skapa sterka félagslega heild. Fjölbreytt lagaval og fagaður söngur hefur verið einkennismerki kórsins. Píanóleikari kórsins er Sólveig Anna Jónsdóttir.

Ár hvert stendur kórinn fyrir öflugri menningardagskrá. Þar ber hæst adventu- og vortónleika kórsins auk Góugleði, menningarkvölds Garðabæjar. Kórinn syngur einnig við margvísleg tækifæri árið um kring. Í tilefni af tíu ára afmæli kórsins árið 2010, kom út geisladiskurinn Jólasöngur sem inniheldur sextán íslensk og erlend jólalög. Frá stofnun hefur kórinn átt því láni að fagna að eiga góðan og tryggan áheyrendhóp sem fjölmenna á viðburði kórsins og ríkir þá ætíð mikil og góð stemmning.

Kvennakór Garðabæjar hefur tekið þátt í nokkrum landsmótum íslenskra kvennakóra sem haldin hafa verið víða um



land. Kórinn hefur farið reglulega í söngferðir utanlands m.a. til Prag, Vínarborgar, Kaupmannahafnar og nú síðast á Íslendingaslóðir í Bandaríkjunum og Kanada þar sem kórinn tók m.a. þátt í 17. júní hátíðarhöldunum í Winnipeg.

Kvennakór Garðabæjar er einn af menningarstólpum Garðabæjar og er með samstarfssamning við Garðabæ til þriggja ára í senn.

Kvennakór Hafnarfjarðar

Kvennakór Hafnarfjarðar var stofnaður 26. apríl 1995 og verður því 20 ára að vori. Að jafnaði starfa 45-50 konur með kórnum. Stjórnandi kórsins er Erna Guðmundsdóttir söngkennari við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Undirleikari er Antonia Hevesi. Kórinn er aðili að Gígjunni, landssamtökum kvennakóra og á hann tvo fulltrúa í stjórn þeirra samtaka. Kórinn stóð fyrir landsmóti í Hafnarfirði árið 2005. Íslensk tónskáld hafa samið kvennakóraverk fyrir kórinn og einnig hafa tónskáld útsett ýmis verk fyrir hann til flutnings.



ALLT FYRIR BAKSTURINN Í BYKO



BYKO

BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.

Glæsilegt úrval af fatnaði fyrir sumarið og veislurnar

skór – töskur
skartgripir – skinnkragar

Jakkar
Bolir
Pils
Buxur

Kjólar
Toppar
Kápur
Sumarjakkar

Christa Christa

Glerártorgi
S. 462 7502
Opið 10-18
laugard. 10-17
sunnud. 13-17

Hafnarstr. 97
S. 462 3502
Opið 10-18
laugard. 10-17



Kvennakór Kópavogs

Kvennakórinn var stofnaður árið 2002 af Nataliu Chow sem stjórnaði honum til vors 2009 þegar Julian Hewlett tók við. Gróa Hreinsdóttir hefur verið stjórnandi kórsins frá haustinu 2011.

Í kórnum eru rúmlega fimmtíu konur sem taka virkan þátt í menningarlífi Kópavogsbæjar og víðar. Undanfarnir fimm ár hefur kórinn staðið fyrir árlegum tónleikum til stuðnings Mæðrastyrksnefnd Kópavogs en tónleikarnir „Hönd í hönd“ eru velunnurum hans að góðu kunnir. Fjölmargir þekktir tónlistarmenn hafa lagt þessu átaki lið og gefið vinnu sína en ágóði hefur runnið óskiptur til Mæðrastyrksnefndar. Hjá Kvennakór Kópavogs hefur einnig skapast sú ánægjulega hefð að syngja á adventumarkaði Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda.

Starfið í kórnum er fjölbreytt og hefur kórinn t.d. þrjár farið í söngferðalög til útlanda. Hér heima hafa konur tekið þátt í landsmótum kvennakóra og síðastliðið vor fór kórinn í



söngferð og söng bæði í Búðardal og á Ísafirði. Kórkonur hafa einnig tekið á móti erlendum gestum s.s. Kvennakór Háskólans í Manitoba og breska kórnum Good in Parts.

Þann 15. mars síðastliðinn hélt kórinn sína árlegu tónleika í Kaldalónssal Hörpu undir yfirskriftinni „Perlur og pilsaþytur“. Á efniskránni voru erlendar dægurperlur frá miðri síðustu öld. Tónleikarnir tókust vel og voru ágætlega sóttir.

Kvennakór Kópavogs æfir á þriðjudögum kl. 19:30 í Salaskóla í Kópavogi. Heimasíða: www.kveko.is Netfang: kvennakorkopavogs@gmail.com

Kvennakór Reykjavíkur

Kvennakór Reykjavíkur fagnaði 20 ára afmæli sínu á síðasta ári með stórtónleikunum „Frá konu til konu“ í Eldborgarsal Hörpu. Alla tíð hafa konur í Kvennakór Reykjavíkur sótt kraft í sönginn og samveruna. Kórinn leggur mikinn metnað í að syngja fjölbreytta tónlist, bæði nýja og gamla og úr öllum áttum. Við hikum ekki við að syngja á framandi tungumálum og erum órágar að takast á við krefjandi verk nútímahöfunda bæði íslenskra og erlendra.

Í Kvennakór Reykjavíkur eru 75 konur og munu 53 þeirra mæta til Akureyrar ásamt stjórnanda kórsins, Agotu Joo og Vilberg Viggóssyni undirleikara. Kórinn undirbýr nú tvenna vortónleika sem haldnir verða 15. og 17. maí í Digraneskirkju. Andi tónleikana verður á vorlegum og glaðlegum nótum, léttleikandi tónlist við allra hæfi svo jafnvel má búast við að



tónleikagestir taki undir. Á dagskránni verða fjölbreytt sönglög á vorlegum og glaðlegum nótum, bæði innlend og erlend. Kvennakór Reykjavíkur æfir tvisvar í viku á mánudags- og miðvikudagskvöldum, tvo tíma í senn. Æfingaaðstaða kórsins er á Vitatorgi.

Kvennakórinn Heklurnar

Heklur eru jákvæður og skemmtilegur 25-30 kvenna kór, sem var stofnaður í Mosfellsbæ árið 2003. Stjórnandi er Vilborg Þórhallsdóttir.

Undirtitill kórsins er „kórinn sem bakar ekki“ og kveða lög kórsins á um að ekki sé stunduð fjáröflun í formi kökubasara eða farandsölu af nokkru tagi á vegum hans. Kórinn skipa konur úr Mosfellsbæ og nágrennasveitarfélögum, sem hafa yndi af því að syngja í góðum hóp og æfir kórinn vikulega yfir vetrarmánuðina. Æfingar eru í sal Varmárskóla á þriðjudögum klukkan 19:30-22:00.

Starfið er á jákvæðum nótum með það markmið í huga að samvera og söngur hafi sálarbætandi áhrif. Viðfangsefni kórsins hafa verið af ýmsum toga í gegnum árin. Kórinn syngur oftast á tónleikum fyrir jólin í samstarfi við aðra kóra og einnig er sungið á hjúkrunarheimili. Vortónleikar eru í maí.

Póstfang kórsins er heklurnar@gmail.com





Velkomnar á Kaffi Ilmur í Skátagili

Við bjóðum ykkur 15% afslátt
af öllum veitingum nema víni
á meðan á kvennakóramótinu stendur.
Látið vita í afgreiðslunni að þið séuð mótsgestir

Kaffi Ilmur er við Hafnarstræti 107b, uppi í brekkunni við göngugötuna

<http://kaffiilmur.com>

imi
Herradeild
AKUREYRI
SÍMI 462 3599

Opið | Mán - fös 09 - 18
Lau. 11 - 16

Joe's
Tiskuverslun
SÍMI 462 6200
AKUREYRI

JOGER
Gamaldagsís - rjómaís - ferskan jógúrtis
Gelato gæða kúluis - sjeika - smoothies - boozt

**Búðu til þinn
eigin ís**

BOOZTBAR
& drykkir

Nýtt!
Oreo kúluis
í lúxus vanillu
.....
Mars og Snickers sósa
á ísinn!

Mikla úrval!

JOGER
AKUREYRI

Við erum
á facebook

Kaupangi v/Mýrarveg // Sími 469 4000
opið alla daga 12 - 23

**Verið velkomnar
kvennakórar til okkar í
Quiltbúðina í Sunnuhlíð 12.**

Fullt af fallegu garni frá
Katia, handavinnu- og
bútasamsefnum.

Veitum 15% afslátt til ykkar.

Q
Quiltbúðin
bútasamur • handavinna • gam
Sunnuhlíð 12, Akureyri

**Opið kl. 10:00-18:00 föstudag og
kl. 11:00-14:00 laugardag**

Salka Kvinnakór

Salka kvinnakór frá Dalvík var stofnaður árið 2008. Kórinn hefur sérhæft sig í flutningi popp- og dægurlagatónlistar. Um þessar mundir eiga Júrúvísion lög hug hans allan. Flest lög kórsins eru útsett af stjórnanda hans, Páli Barna Szabó. Formaður Sölku er Guðrún Inga Hannesdóttir.



Seljurnar

Kvinnakórinn Seljur var upphaflega stofnaður í maí 1991 og hefur hann starfað samfelld síðan. Kórfélagar eru nú um 30 talsins. Kórstjóri Selja er Svava Kristín Ingólfssdóttir.

Kórinn hefur í gegnum tíðina tekið þátt í kirkjustarfinu í Seljakirkju og sungið þar við messur. Tónleikar eru fastir liðir á hverju vori og á þeim hefur skapast sú venja að bjóða gestakórum að syngja með og höfum við fengið marga skemmtilega kóra til liðs við okkur alls staðar að af landinu.

Árið 1999 fóru Seljur til Færeyja þar sem þær sungu í Þórshöfn og Klakksvík undir stjórn Kristínar Sæunnar Þjétersdóttur.



Kvinnakórinn Seljur hefur gefið út einn hljómdisk „Með kveðju frá Seljum“ undir stjórn Tonje Fossnes 2001, í tilefni af 10 ára afmæli kórsins. Árið 2011 fagnaði kórinn 20 ára afmæli með tónleikum í Seljakirkju.

Kvinnakórinn Ymur

Kvinnakórinn Ymur kemur frá Akranesi og var stofnaður 31. janúar árið 1995 og hefur starfað óslitið síðan. Þrír stjórnendur hafa fylgt kórnum frá upphafi. Sigríður Elliðadóttir hefur svo stjórnað kórnum frá árinu 2005.

Ymur heldur venjulega tvenna tónleika á ári, ýmist einar eða með öðrum kórnum. Kórinn hefur farið á landsmót kvinnakóra, í Reykholt, Keflavík, Hafnarfjörð og Selfoss. Kórinn hefur einnig farið á Norrænt kvinnakóramót sem haldið var í Reykjavík árið 2000.

Ymur hefur lagt land undir fót og brá sér til Færeyja 1997, til Póllands 2001 með viðkomu í Kaupmannahöfn og svo til Skotlands í ágúst 2004 þar sem meðal annars var sungið í Urquhartkastala á heimaslóðum Loch Ness skrímslisins. Einnig brugðu Ymskonur sér til borgarinnar Deventer í Hollandi vorið 2008 í tónleikaferð.

Árið 2005 gaf kórinn út geisladisk sem bar nafnið Ymur



og var tekinn upp í Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd. Á disknum er að finna íslensk þjóðlög ásamt gospel lögum o.fl.

Dein Björg

VALRÓS
BÚSÁHÖLD & GJAFÁVARA

Bökkum veittan stuðning

EFLA verkfræðistofa, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Form ráðgjöf, Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hermundur Jóhannesson vörubílstjóri, Hvannavöllum 4, 600 Akureyri
Íþróttamiðstöð Giljaskóla
Íþróttamiðstöð Glerárskóla
Rafröst, Gránufélagsgötu 49b, 600 Akureyri
Raftákn, Glerárgötu 34, Akureyri



Kvennakórinn Léttuveit Reykjavíkur

Kvennakórinn Léttuveit Reykjavíkur hefur starfað frá árinu 1995, fyrst undir merkjum Kvennakórs Reykjavíkur en sem sjálfstæður kór frá árinu 2000. Jóhanna Þórhallsdóttir var stjórnandi kórsins frá stofnun hans og til haustsins 2012 en þá tók Gísli Magna við stjórninni. Aðalheiður Þorsteinsdóttir hefur verið undirleikari frá upphafi. Hún hefur einnig útsett fjölmörg þeirra laga sem verið hafa á efnisskrá kórsins.

Léttuveit Reykjavíkur er skipuð 120 konum og er nú stærsti kvennakór landsins. Léttuveitin æfir einu sinni í viku yfir veturinn. Efnisval er fjölbreytt og létt eins og nafnið gefur til kynna. Kórinn hefur ferðast víða. Á ferðum innanlands hafa allir landshlutar verið heimsóttir, síðast var farið til Hornafjarðar vorið 2013. Erlendis hefur kórinn m.a. sungið í Tívoli í Kaupmannahöfn, á Ítalíu og á Kúbu.



Senjórítur Kvennakórs Reykjavíkur

Senjórítukórinn var stofnaður 1995. Margrét Pálmadóttir, kórstjóri og þáverandi stjórnandi Kvennakórs Reykjavíkur, stofnaði kórinn og gaf honum nafn. Í kórnum eru konur sem komnar eru af léttasta skeiði, eða 60+, u.þ.b. 75 talsins.

Fyrsti stjórnandi kórsins var Rut L. Magnúsdóttir til ársins 2000. Þar næst tók Sigrún Þorgeirsdóttir við og stjórnaði kórnum til 2006. Þá tók núverandi kórstjóri Agota Joó við stjórninni, en hún stjórnar einnig Kvennakór Reykjavíkur.

Kórinn heldur tónleika á hverju vori og einnig jólatónleika á aðventunni. Þá syngur hann ásamt Kvennakór Reykjavíkur í Breiðholtskirkju og er þá boðið upp á samverustund í safnaðarheimilinu ásamt kirkjugestum, þar sem við syngjum öll saman og njótum veitinga sem Kvennakór Reykjavíkur býður upp á.

Áður en leiðir skilja á vorin förum við í skemmtiferð, ýmist einn eða tvo daga. Þá er ellikerling skilin eftir heima og við njótum samverunnar í botn.



Allar Senjóríturnar eru óskaplega glaðar og skemmtilegar konur og sérstaklega hamingjusamar með stjórnandann sinn.

Vox Humana

Vox Humana er et damekor fra Mandal, en liten kystby lengst sør i Norge. Koret ble etablert i 1978, og vi er en gjeng med glade damer i alderen 30-70 år, som liker å syngje variert musikk: Jazz, swing, barbershop, pop, viser og folkemusikk.



Stjórnendur vinnuhópa



Sigrún Magna Þórsteinsdóttir stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskólanum í Reykjavík, við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og í Konunglega danska tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Þaðan lauk hún meistaraprófi í kirkjutónlist undir handleiðslu prof. Bine Bryndorf. Í námi sínu lagði hún sérstaka áherslu á barnakórstjórn, tónlistaruppeldi barna og kenningar um tónlistarþroska barna. Sigrún hefur stjórnað barnakórum og blönduðum kórum í Reykjavík, í Kaupmannahöfn og á Akureyri. Sigrún starfar nú sem barnakórstjóri og

organisti við Akureyrarkirkju og við Möðruvallaklausturskirkju og kennir við Tónlistarskólann á Akureyri. Hún hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og erlendis bæði sem einleikari, meðleikari og kórstjóri. Sigrún hefur sótt fjölda námskeiða m.a. hjá Olivier Latry, Hans-Ola Ericsson, Michael Radulescu og Mattias Wager. Sigrún er framkvæmdastjóri Sumartónleika í Akureyrarkirkju og Kirkju-listaviku í Akureyrarkirkju. Hún hefur einnig haldið tónlistarnámskeið fyrir foreldra ung-
barna.



Michael Jón Clarke fæddist í Nottingham á Englandi. Þar ólst hann upp og undi glaður við sitt. Dag einn, þegar Michael var ellefu ára gamall, fór hann upp á háloft til að grúska, eins og ellefu ára drengjum er trúandi til - og fann þar fiðlu. Þar með voru örlög pilsins ráðin og hann hélt af stað í tónlistarskóla með þennan fundna fjársjóð.

Síðar hóf hann tónmenntakennaranám með framfiðlunáminu í þrjú ár við Trinity College of Music í London. Þá sá hann auglýsingu frá Íslandi, þar sem leitað var eftir fiðlukennara.

Síðan eru liðin 43 ár.

Á þessum tíma hefur Michael starfað við hljómsveitarstjórn, kórstjórn, skólastjórn, háskólakennslu, enskukennslu, þýðingar, gagnrýni, fiðluleik, sellóleik, víóluleik, óperusöng, leiklist, tónsmíðar, greinaskrif og uppfinningar.

Michael hefur brennandi áhuga á steingerfingum. Einnig berst hann grimmilega gegn öllu óréttlæti í hvaða formi sem er og er ekki feiminn við að láta skoðanir sínar í ljós.

Hann er með fimm háskólagráður í tónlist og starfar í dag sem söngkennari.



Ingibjörg Guðjónsdóttir hóf söngnám við Tónlistarskóla Garðabæjar hjá Snæbjörgu Snæbjarnardóttur og lauk þaðan burtfararprófi árið 1986. Aðeins nítján ára gömul sigraði hún Söngkeppni Sjónvarpsins og ávann sér þátttökurétt í hina frægu söngkeppni Cardiff Singer of the World. Ingibjörg stundaði framhaldsnám við Indiana University í Bandaríkjunum en einnig hefur hún notið leiðsagnar Ileana Cotrubas og Kirsten Bühl-Möller. Ingibjörg hefur haldið fjölda einsöngstónleika, tekið þátt í tónlistarhátíðum, óperum og verið einsöngvari með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og kórum, bæði hér á landi og erlendis. Sl. ár hefur Ingibjörg verið iðin við

flutning samtímatónlistar og frumflutt fjölda verka íslenskra tónskálda. Ingibjörg hefur gefið út tvær geislaplötur; Óperuaríur (2005) með Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn Gerrit Schuil, og Ó Ó Ingibjörg (2007) þar sem hún syngur íslensk sönglög í frumlegum búningi með bræðum sínum, djasstónlistarmönnum Óskari og Ómari. Um tíma starfaði Ingibjörg í Kaupmannahöfn en auk fjölbreyttra söngverkefna þar, stofnaði hún Íslenska kvennakórinn í Kaupmannahöfn sem hún stjórnaði í tvö ár. Ingibjörg er söngkennari við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og stjórnandi Kvennakórs Garðabæjar sem hún stofnaði árið 2000.



Sigríður Eyþórsdóttir er fædd í Reykjavík 1963 og hóf tónlistarferil sinn í Barnamúsikskóla Reykjavíkur 8 ára gömul. Hún hefur sungið í kórum meira og minna allt sitt líf og stundað kórstjórn í ca 30 ár. Hún er með MA í tónlist og sálarfræði frá Álaborgarháskóla og hefur búið og starfað í Danmörku síðan 1985. Sigríður starfar sem kantor við tvær kirkjur í Kaupmannahöfn og stjórnar þar barna- og unglingakórum. Þar fyrir utan hefur

Sigríður stjórnað Íslenska kvennakórnum í Kaupmannahöfn um árabil. Ýmsir aðrir kórar hafa verið undir stjórn Sigríðar í gegnum árin og hún hefur einnig lagt stund á önnur störf s.s. almannatengsl í óperuhúsi og verkefnastjórnun í sambandi við fjölda menningarviðburða og tónleikaraða. Sigríður hefur einnig komið fram sem söngkona og fyrirlesari við ótal tækifæri og hefur ferðast um alla Danmörku með dagskrá um Ísland í söng og sögu.



Eyþór Ingi Jónsson er fæddur og uppalinn í Dalasýslu, þar sem hann hóf tónlistarnám sex ára gamall. Hann nam síðar orgelleik hjá Fríðu Lárusdóttur við Tónlistarskólann á Akranesi og enn síðar orgelleik, kórstjórn og hliðargreinar við Tónskóla Þjóðkirkjunnar undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Smára Ólasonar o.fl. Eyþór lauk Kantorsprófi vorið 1998. Við tók 7 ára nám við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð, fyrst við kirkjutónlistardeild og síðar við konsertorganistadeild hjá prófessor Hans-Ola Ericsson. Þaðan lauk hann prófi með hæstu einkunn vorið 2007. Einnig hefur hann lært hjá prófessor Gary Verkade. Þá hefur hann sótt námskeið hjá fjölda þekktra kennara víða um Evrópu. Í námi sínu lagði Eyþór áherslu á kórstjórn auk orgelleiksins hjá prófessor Erik Westerberg. Eyþór hefur kennt orgelleik,

spuna og kórstjórn ásamt fræðigreinum. Nú kennir hann við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann hefur haldið hátt í 100 einleikstónleika hérlandis og erlendis og leikið með fjölda hljóðfæraleikara og söngvara. Í janúar 2009 flutti Eyþór orgelkonsert eftir Marco Enrico Bossi ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hann hefur einnig stjórnað hljómsveitinni í verkinu Missa Dei Patris eftir Jan Zelenka.

Eyþór starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju. Einnig er hann stjórnandi kamm-erkórsins Hymnodia. Hann hefur einbeitt sér annars vegar að flutningi tónlistar frá 17. öld og hinsvegar nútímatónlistar og spuna, bæði fyrir orgel og kór. Hann situr í ýmsum fagráðum og nefndum og er listrænn stjórnandi Barokksmiðju Hólastiftis. Eyþór var bæjarlistamaður Akureyrar 2011-2012.



Guðmundur Óli Gunnarsson stundaði nám í hljómsveitarstjórnun í Utrecht í Hollandi og í Helsinki. Hann hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá 1992 og gegnir frá síðasta ári einnig starfi tónlistarstjóra Íslensku óperunnar. Guðmundur Óli hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands bæði á tónleikum og við upptök og var um 18 ára skeið fastur stjórnandi Caput. Með Caput kom hann fram hér heima og víða erlendis

auk þess að stjórna upptökum fyrir innlendar og erlendar útgáfur. Guðmundur Óli hefur stjórnað ýmsum kórum í gegnum tíðina og má þar nefna Háskólakórinn, Kór MS, Kór MA, Karlakór Dalvíkur og Kammerkór Norðurlands auk Kórs Íslensku óperunnar. Þá hefur Guðmundur Óli sinnt kennslu í kórstjórn. Hann hefur einnig samið lög fyrir kóra og unnið talsvert að útsetningum, bæði fyrir kóra og hljómsveitir.



ÞÚ FÆRÐ MEIRA Í STOFNI

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Afsláttur af dekkjum
- Vegaðstöð án endurgjalds
- Afsláttur af barnabílstólum
- Ókeypis bílaleigubíll í 7 daga vegna kaskótjóns
- Enginn ídgjaldsauki ef þú lendir í tjóni
- Nágrannavarsla
- ... og margt fleira

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ
STOFN

Ávísun á ánægju
Árlega fá yfir 20.000
viðskiptavinir í Stofni
endurgreiðsluávísun frá Sjóvá



JANUS
since 1895

**GÆÐA ULLARFATNAÐUR
Á ALLA FJÖLSKYLDUNA**

**100 %
MERINO ULL**

Ullarkistan
REYKJAVÍK AKUREYRI
www.ullarkistan.is



Landsmótsljóðið

Jakobína Sigurðardóttir er höfundur landsmótsljóðsins. Jakobína fæddist 8. júlí 1918 í Hælavík í Sléttuhreppi og lést 29. janúar 1994. Hún stundaði nám við Ingimarsskólann í Reykjavík og nam utan-skóla við Kennaraskóla Íslands í hálfan vetur. Árið 1949 fluttist hún að Garði í Mývatnssveit, þar sem hún síðan var húsfreyja. Jakobína var með þekktustu rithöfundum landsins á sinni tíð og var í heiðurslaunaflokki listamanna á efri árum.



Hugi Guðmundsson, tónskáld

Hugi Guðmundsson nam tónsmíðar við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík og útskrifaðist þaðan vorið 2001. Tónsmíðakennarar hans þar voru Þorkell Sigurbjörnsson og Úlfar Ingi Haraldsson. Þaðan hélt Hugi til Kaupmannahafnar til áframhaldandi tónsmíðanáms við Konunglegu tónlistarakademiuna þar sem kennarar hans voru Bent Sørensen, Hans Abrahamsen og Niels Rosing-Schow. Hann lauk mastersgráðu þaðan vorið 2005. Tveimur árum síðar lauk hann svo mastersnámi í raf- og tölvutónlist frá Sonology stofnuninni í Den Haag í Hollandi.

Hugi hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónverkið Apocrypha árið 2008 og fyrir Orkestur árið 2013 auk fjölda tilnefninga. Hann hefur hlotið þrjár viðurkenningar á Alþjóðlega Tónskáldaþinginu (International Rostrum of Composers) m.a. fyrir verkið Händelusive en það var jafnframt tilnefnt til ISCM Young Composer Award 2011. Hugi hefur allt frá námslokum árið 2007 unnið sem sjálfstætt starfandi tónskáld í Danmörku og á Íslandi.

Hljóðfæraleikarar og stjórnandi á landsmóti Íslenskra kvennakóra Akureyri 9. – 11. maí

Strengjasveit

Fíðla 2

Lára Sóley Jóhannsdóttir
Zsuzsanna Bitay
Aldís Bergsveinsdóttir

Fíðla

Marcin Lazarz
Tomas Kolosowsky
Þórunn S. Bjarnadóttir

Víóla

Eydis Úlfarsdóttir
Agla Arnarsdóttir
Sigrún Mary McCormick

Selló

Ásdís Arnardóttir
Salka Björt Kristjánsdóttir

Kontrabassi

Þórir Jóhannsson

Hljómsveit

Daníel Þorsteinsson, píanó
Matti Saarinen, gítar
Stefán Ingólfsson, bassi
Halldór Gunnlaugur Hauksson, trommur

Stjórnandi

Guðmundur Óli Gunnarsson

*-fyrir þá sem einfaldlega elska
gott kaffi og ljúffenga snúða*

Rúbín
kaffi

Pågen
kanil snúðar



Matseðill á landsmóti íslenskra kvennakóra



Föstudagur 9. maí

Léttur kvöldverður í Íþróttahöllinni.

Grænmetiseggjanúðlur, ostbakaðir sjávarréttir og grillsteiktur kjúklingabringur bbq. borið fram með fersku blönduðu salati, steiktum kartöfluteningum, rótargrænmeti og sveppasósu. Bar á staðnum.

Laugardagur 10. maí

Hádegisverður í Íþróttahöllinni.

Ostbakaður pastaréttur með kjúklingi og grænmeti í rjómasósu, steikt grænmetishrísgrjón með sjávarfangi, ferskt blandað salat, minestrone súpa, brauð og smjör.

Hátíðarkvöldverður 10. maí í Íþróttahöllinni

Húsið opnar kl. 19:00.

Boðið verður upp á fordrykk og borðhald hefst um kl. 20:00.

Veislustjóri verður sr. Hildur Eir Bolladóttir og mun hún af sinni alkunnu snilld stýra borðhaldi og skemmtun kvöldsins.

Hægt verður að kaupa vín, bjór og gos af bar á góðu verði.

Að loknu borðhaldi mun hljómsveitin Einn og sjötíu leika fyrir dansi og hver veit nema einhver kunn Eurovision lög verði tekin.

Forréttur

Glóðað crostini með graflaxtartar, djúpsteiktur humarhali tempura og marineraðar rækjur í chilísósu borið fram með blönduðu salati og smjördeigsbakstri.

Aðalréttur

Grillsteiktur lambaframhryggur, kryddaður blóðbergi, borinn fram með steiktu grænmeti, gufusoðnu spergilkáli, hazzelback kartöflu og portvínssósu.

Desert

Fantasía.

Ekta heimalöguð tíramisúterta, borin fram með sultuðum berjum, þeyttum rjóma og skrautbakstri.

Sunnudagur 11. maí


Hádegisverður í Íþróttahöllinni.


Grænmetislasagne, risottó með kjúklingi og grænmeti, ferskt blandað salat, humarsúpa með sjávarfangi, brauð og smjör.



SAMHERJI HF








- Gígjusmiðja
- Madrigalasmíðja
- Norræn kvennakóralög
- Rokksmiðja
- Spunasmíðja
- Þjóðlagasmíðja

Menningarhúsið Hof



Fjölskyldan talar endalaust og samnýtir gagnamagnið!

4G
LTE

Kynntu þér endalaust tal og sms á www.siminn.is

Fjölskyldukort

Viðskiptavinir með Endalaust Snjall 500 MB, 1 GB eða 3 GB, geta bætt við aukakortum fyrir fjölskylduna þar sem fjölskyldan deilir gagnamagni.

Fjölskyldukort með endalausum tali og SMS á aðeins
2.990 kr. á mánuði.


Gagnakort í spjaldtölvur **490 kr. á mánuði.**

Þrjár í boði:

ENDALAUST TAL OG SMS	ENDALAUST TAL OG SMS	ENDALAUST TAL OG SMS
5.990 kr.	6.990 kr.	8.990 kr.
500 MB	1 GB	3 GB



Fjölskyldukort á 2.990 kr.



SAMHERJI

„leggur til fisk
á hvers manns disk“

Góða skemmtun